

Skipulagsskrá Ferðasjóðs Soroptimistasambands Íslands (SI/Í)

1. Sjóðurinn heitir – Ferðasjóður Soroptimistasambands Íslands – og var stofnaður af þeim félagsskap árið 1981.
2. Eign sjóðsins við stofnun hans var kr. sjö hundruð – 700.00. Skal hún ávöxtuð á þann hátt sem hagkvæmust er á hverjum tíma.
3. Heimilt er að veita fé úr sjóðnum í samræmi við þær þarfir sem upp kunna að koma hverju sinni og sem samræmist tilgangi hans. Ætíð skal því skilja eftir í honum við veitingu lágmarksupphæð að fjárhæð kr. 50.000.00 m.v. vísitölu neysluverðs í jan. 1996 sem er 174,2 stig. Ekki er heimilt að leggja sjóðinn niður nema með samþykki aðalfundar (Landssambandsfundar) SI/Í.
4. Tekjur sjóðsins eru:
 - a. Vextir og arður af verðbréfum.
 - b. Áheiti og gjafir.
 - c. Framlög sem aðalfundur (Landssambandsfundur) SI/Í samþykkir hverju sinni og hafa verið sett fram í fjárhagsáætlun.
5. Tilgangur sjóðsins skal vera þessi:
 - a. Að styrkja íslenska Soroptimista til þátttöku í norrænni samvinnu á vegum Soroptimistasamtakanna, svo sem til þátttöku í Norrænum vinadögum, fundum, ráðstefnum o.fl.
 - b. Að styrkja íslenska Soroptimista til að sækja fundi og ráðstefnur sem haldnar eru á vegum Soroptimista þegar þær fjalla um málefni sem ávinningur er talinn fyrir íslenska Soroptimista að taka þátt í.
6. Stjórn SI/Í annast umsýslu sjóðsins. Til samþykktar fyrir styrkveitingu úr honum þarf 4/5 atkvæða stjórnarinnar. Halda skal skrá yfir styrkþega og tilgreina til hvaða ferðar styrkurinn var veittur.
7. Reikningsár sjóðsins skal vera reikningsár SI/Í og reikningar hans endurskoðaðir af endurskoðendum SI/Í og lagðir fram á aðalfundi (Landssambandsfundi).
8. Breytingar á skipulagsskrá þessari skal fara með eins og breytingar á reglugerð Landssambands Soroptimista.

Þannig samþykkt á Landssambandsfundi 1996.